

**Sp. 168. Tillaga til þingsályktunar [133. mál]**  
um áætlunargerð um verndun gróðurs og uppgræðslu lands í Árnessýslu.

Flm.: Steinhóur Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd þriggja manna til þess að gera, í samvinnu við viðkomandi sveitarstjórnir og gróðurverndarnefnd, áætlun um verndun gróðurlendis og uppgræðslu örfoka lands í Árnessýslu.

Áætlunin skal taka til alls lands upp að 400 m hæðarlínu og fela í sér tillögur um það, hvar skuli í þessu skyni beita skógrækt og hvar grasrækt, svo og um hagnýtingu þess lands, sem áætlunin nær til. Nefndin getur krafist aðstoðar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Búnaðarfélags Íslands og annarra opinberra stofnana um viss tæknileg atriði, sem áætlun þessa kynni að varða.

Stefnt skal að því, að áætlunin liggi fyrir svo tímanlega, að Alþingi geti fjallað um hana á haustþingi 1974 og ákveðið þá um fjárframlög til fyrstu framkvæmda samkvæmt henni á árinu 1975.

Í nefndinni skulu vera þessir embættismenn: skógræktarstjóri, landgræðslustjóri og landnámsstjóri, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

### Greinargerð.

Margir telja, að innan Árnassýslu sé að finna þau landssvæði, sem einna viðkvæmust séu fyrir eyðingu og uppblæstri. Bent er á, að þar er jarðvegur þykkur víðast hvar og sandorpinn, svo að af litlu sári í svörðinn getur orðið alvarleg jarðvegseyðing, ef illa tekst til. Hingað og þangað sjást þessa merki. Enginn spillir landi sínu viljandi, og margur bóndinn hefur hugleitt það, með hverjum hætti hann mætti bæta þær skemmdir, sem bújörð hans hefur orðið fyrir af ýmsum sökum.

Gróðurverndarnefnd sýslunnar hefur kynnt sér gróðurfarið og ástand jarðvegsins í öllum sveitum Árnassýslu og gefið út verðmæta skýrslu um það. — Þar kemur það fram, sem margan uggði, að allrar aðgæslu er þörf í þessu efni, en horfur eru að dómi nefndarinnar þó ekki svo slæmar, að nein ástæða sé til að örvænta um árangur, ef réttum aðferðum er beitt við uppgræðslu, gróðurvernd og nýtingu landsins. Með þessar staðreyndir í huga, er þessi tillaga til þingsályktunar flutt.

Flutningsmanni er kunnugt um það, að þeir embættismenn, sem tillagan gerir ráð fyrir að starfi saman í nefnd, þúa hver um sig yfir mikilvægum upplýsingum um gróðurfar Árnassýslu, svo og hafa þeir og þær stofnanir, sem þeir stýra, verðmæta reynslu um uppgræðslu og gróðurvernd, og ætti þeirra ráð, þegar þau eru borin saman, að vera árangursríkari en ráð einstakra bænda, sem ýmist eftir eigin hugmyndum eða ráðleggingu ráðgjafa, sem valinn er af handahófi, hefur leitast við að snúast gegn evðingunni og á sveif með heim gróðursnildum, sem höllum fæti standa.

Flutningsmanni er líóst, að sú áætlanagerð, sem hér er gerð tillaga um, að gengið verði til, er yfirgrípsmikil, og telur þess vegna ráðlegast að taka ekki í hvarjun fyrir stærri landssvæði en svo, að ætla mætti, að unnt væri að vinna á einu sumri. Því er Árnassýsla valin, að hún er af þeirri stærð. Auk þess er af mörgum talið, að þar sé í hættu stöð stærra landssvæði í einni heild en kunnugt er um annars staðar. Þá má og geta þess, að þangað leitar margur sá, er vill festa sér land undir sumarhúsi, og ræður því há allajafna hending hvort þau koma niður á þá staði, sem best samrýmast allsherjarnýtingu landsins. Sömu sögu má segja um Skógrækt ríkisins. Hún hefur orðið að sæta því landi, sem náðst hefur til, og há ekki getað fellt starfsemi sína að annarri nýtingu landsins, sem hó væri full hörf á. Það, sem nú var sagt um Skógræktina, á einnig við um Landgræðslu ríkisins. Um landið hefur ekki verið stofnað til þeirrar rökræðu, sem er nauðsynlegur undanfari framtíðarlausnar á vandamálum þess. Í fullvissu þess, að tillaga þessi komi heim rökræðum af stað, er hún flutt, og verður frekar fjallað um málefnið í heild við framsögn.